

Árið 2017, föstudaginn 3. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-126/2017:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson saksóknari)

gegn

Hlyni Eyjólfssyni

(Jón Bjarni Kristjánsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 6. júní 2017, á hendur Hlyni Eyjólfssyni, Barðastöðum 17, Reykjavík,

„fyrir kynferðisbrot, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. mars 2015, að [...], farið inn í svefnherbergi þar sem A lá sofandi í rúmi, strokið læri hennar og stungið fingri í leggöngin gegn hennar vilja með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum þar sem hún var sofandi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A, er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 1. mars 2015 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Málið var þingfest 23. júní 2017.

Ákærði neitar sök.

Aðalmeðferð málsins fór fram 26. september 2017.

Af hálfu ákærvalds eru þær kröfur gerðar sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er þess krafist að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og að hún verði bundin skilorði. Þá er gerð krafa um að skipuðum verjanda verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun sem greiðist úr ríkissjóði að öllu leyti eða að hluta, ásamt öðum sakarkostnaði. Vegna einkaréttarkröfu brotaþola gerir ákærði aðallega þá dómkröfu að einkaréttarkröfunni verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði lækkaðar frá því sem krafist er.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Málavextir

Upphaf máls þessa er að rekja til þess að þriðjudaginn 3. mars 2015 kom brotaþoli í máli þessu, A, til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot það sem lýst er í ákæru. Kvaðst brotaþoli hafa farið B laugardaginn áður, þ.e. 28. febrúar s.á., til að heimsækja C og hafi [...] verið með C í för. Lýsti brotaþoli veru sinni þar og m.a. að hafa farið út að borða með C og vinafólki og hafa þar hitt ákærða og heilsað honum. Hafi brotaþoli farið snemma heim og á undan öðrum, en [...] hafi orðið eftir á heimili C. Hafi brotaþoli svo farið að sofa á að giska um kl. 23:15 og þá í séríbúð á neðri hæð hússins. Hafi hún sofð þar ásamt [...]. Svo um það bil kl. 02:30 hafi hún vaknað við að ákærði hafi legið við hlið hennar. Nánar þannig að hún hafi legið á vinstri hendinni á hliðinni og hann hafi legið svona þétt upp við hana að aftan og verið með hægri hönd yfir hana og fingurinn upp í leggöngum hennar. Hún muni ekki hvort hann hafi verið í buxum en hann hafi verið í lopapeysu. Fyrstu viðbrögð hennar hafi verið að slá hann með olnboganum og stökkva á fætur. Kvaðst brotaþoli hafa drukkið 2 rauðvínsglös áður en farið hafi verið á veitingastaðinn og þar hafi hún fengið sér eitt slíkt, auk þess að hafa þar drukkið hluta af Irish coffee glasi. Hún hafi ekki verið ölvuð, en ekki þó allsgáð en í góðu ástandi. Þá lýsti brotaþoli því að hafa verið búin að taka ofnæmislyf sem heiti Telfast og af því verði hún mjög þreytt og sofi fastar. Lýsti brotaþoli því að hún hafi haft sveppasýkingu í leggöngum eftir þetta. Þá kom fram að ákærði hafi farið strax út úr herberginu eftir að hún hafi slegið hann með olnboganum. Hún hafi legið undir sæng og hafi ákærði verið undir sænginni. Þá lýsti brotaþoli því að ákærði hafi hreyft fingurna í leggöngum hennar. Aðspurð taldi brotaþoli að ákærði hefði a.m.k. verið með 2 fingur í leggöngum hennar.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins þriðjudaginn 7. júlí 2015. Lýsti ákærði því að hafa hitt brotaþola um ári áður en ofangreindur atburður er

sagður hafa gerst. Það hafi verið í gleðskap og hún hafi þá gefið honum „soldið mikið undir fótinn“ og talað um að hún gæti nú kennt honum og sýnt honum ýmislegt. Hafi ákærði svo hitt brotþola á veitingastaðnum B og fundist hann fá frá henni skilaboð um kvöldið og hún hafi þá endilega viljað fá ákærða og vin hans í partý heima hjá C og D. Hafi hann farið þangað. Hafi brotþoli verið farin niður á neðri hæð hússins, en eftir að ákærði hafi farið úr samkvæminu með öðru fólki hafi hann svo snúið til baka og farið að tala við brotþola og verið eitthvað að strjúka henni og hún hafi beðið hann að hætta þessu og það væru [...] þarna og þá hafi hann farið út úr húsinu og heim til sín. Taldi ákærði að hann hafi eitthvað misskilið þau skilaboð sem hann hafi talið sig fá frá brotþola og talið að hún væri til í eitthvað meira. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa verið að strjúka brotþola eitthvað í myrkrinu. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Ákærði lýsti því að hafa sest á rúmstokkinn og þau hafi talað eitthvað a.m.k. hafi hún spurt hver þetta væri. Kvaðst ákærði ekki muna þetta vel en hún hafi bara verið á nærfötunum og ber á lærunum. Aðspurður hvort hann hafi komið við kynfæri brotþola kvaðst ákærði ekki muna það, en ekki vildi hann meina að hafa farið með fingur í kynfæri hennar. Ákærði kannaðist ekkert við að hafa fengið olnbogaskot frá brotþola. Þá kvaðst ákærði telja að þetta gæti hafa verið upp úr miðnætti.

Ekki þykja efni til að gera frekari grein fyrir því sem fram kom við skýrslutökum undir rannsókn málsins.

Fyrir liggur vottorð E sálfræðings, dags. 16. júlí 2015, varðandi brotþola en þar segir að brotþola hafi verið vísað til sálfræðipjónustu Neyðarmóttöku og hún hafi hitt sálfræðinginn einu sinni, auk símtals, en brotþoli hafi tvívegis afboðað sig í bókuð viðtöl. Segir í samantekt að viðmót brotþola bendi til að hún hafi upplifað ótta, bjargarleysi og hrylling við meint kynferðisbrot. Hún hafi greint frá áfallastreitueinkennum rúmum þremur mánuðum eftir ætlað brot og sálræn einkenni hennar samsvari þekktum einkennum hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll.

Ekki eru efni til að rekja frekar rannsókn málsins.

Forsendur og niðurstaða

Ákærði lýsti því við aðalmeðferð að hafa farið með fólki heim til C umrætt sinn eftir að hafa borðað á veitingastaðnum B. Þau hafi verið þarna um þrjá klukkutíma og svo hafi hann farið, en hann hafi komið aftur af því hann hafi haldið að brotþoli vildi hitta hann, en svo hafi hann gert sér grein fyrir að svo væri ekki þannig að þá hafi hann farið út og heim.

Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa verið kominn á B um kvöldmatarleytið milli kl. 18 og 19. Hann hafi verið með F, G og H. I hafi keyrt þá. Verið geti að

ákærði hafi verið búinn með einn bjór áður en hann hafi komið á veitingastaðinn. Á B hafi ákærði drukkið tvö glös af áfengi. Hann hafi setið til borðs með nefndum félögum sínum. Hann hafi séð brotþola þarna með sínu fólki. Ekki hafi hann verið í beinum samskiptum við brotþola á B, að því frátöldu að brotþoli hafi boðið þeim að koma heim til C. Þau hafi heilsast á veitingastaðnum. Honum hafi fundist hún sýna honum áhuga þarna inni, nánar tiltekið með augnaráðinu. Hann hafi goldið það í sömu mynt. Ekki hafi þau haft þarna samskipti af kynferðislegum toga. Árinu áður hafi hann hitt brotþola í gleðskap og þar hafi þau átt samskipti þannig að hún hafi sagt að hún gæti kennt ákærða ýmislegt. Kvaðst eiginlega ekki vita hvað hún hafi átt við með því. Hann hafi ekki lagt kynferðislega merkingu í það. Hann hafi ekki haft af henni önnur kynni en þó oft rekist á hana og þau þá heilsast. Þau hafi ekki verið í tengslum á samfélagsmiðlum. Ekki hafi ákærði áður sýnt henni neinn áhuga þannig að hann vildi kynnast henni betur. Taldi ákærði að hann hafi farið af veitingastaðnum um kl. 23:00 eða nálægt því. Þá hafi hann farið heim til C og D að [...]. Brotþoli hafi boðið honum þangað. Hún hafi boðið ákærða og F vini hans þangað. Hafi ákærði skilið þetta sem boð í einhverskonar eftirpartý. Hafi ákærði þegið boðið en F ekki. I hafi ekið ákærða þangað, ásamt J og K. Ákærði hafi verið kominn á [...] einhvern tíma undir miðnætti. Þá hafi D og C húsráðendur verið heima. Brotþoli hafi verið þar líka, en niðri. Hafi ákærði ekki verið í samskiptum við hana, en hún hafi þó komið einu sinni upp, en hann hafi ekki náð af henni tali þá og viti ekki í hvaða erindagjörðum hún hafi þá komið upp á efri hæðina. Auk ákærða hafi verið í samkvæminu J, K og húsráðendur. Aðspurður kvaðst ákærði hafa langað til að kynnast brotþola og verið geti að hann hafi lýst þeim áhuga sínum við aðra í samkvæminu. Kannaðist ekki við að hafa beðið einhvern um að hringja í brotþola eða sækja hana eða slíkt. Kvaðst muna atvik vel. Kvaðst ekki muna til þess að hafa ætlað að fara niður til brotþola. D hafi bannað ákærða að fara niður til brotþola. Einhverjar stymplingar hafi orðið milli ákærða og D og hafi ákærði fengið hnefahögg í andlit, en þetta hafi verið þegar langt var liðið á samkvæmið. Ekki kvaðst ákærði vita skýringu á þessu en þetta gæti tengst brotþola á einhvern handa máta. Samkvæminu hafi lokið upp úr kl. 02:00. Við lok samkvæmisins hafi þau farið niður og út niðri og hafi hann farið ásamt J og K. Þau hafi gengið áleiðis heim, en leiðir hafi skilið [...]. Hann hafi ekki nefnt við þau að hann myndi fara aftur til baka en hann hafi ákveðið það eftir að hafa kvatt þau. Hann hafi farið til baka þar sem hann hafi haldið að brotþoli vildi hitta hann. Hann hafi bara gengið sem leið lá og farið inn um neðri hæðina og inn í herbergi brotþola. Þar hafi hann sest á rúmstokkinn og þá hafi brotþoli verið þar, en hann hafi ekki vitað hvort þar væri einhver annar. Brotþoli hafi legið í rúminu. Hann hafi ekki séð brotþola þar sem myrkur hafi verið. Brotþoli hafi verið vakandi

Þegar hann hafi sest og sagt hæ þegar hann hafi komið inn í herbergið. Hún hafi þó ekki risið úr rekkju. Þegar hann hafi verið sestur hafi hann gert vart við sig að hann væri þarna, þannig að hann hafi lagt hönd á læri brotþola og strokið og þá hafi hún orðið vör við hann og sagt honum að fara. Þá hafi ákærði staðið upp og farið út. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa snert kynfæri brotþola og ekki sett fingur inn í þau. Hann hafi strokið lærið utanvert. Hún hafi verið með sæng yfir sér en berleggjuð. Hann hafi kannski ekki þurft að gera vart við sig með því að strjúka læri brotþola fyrst hún hafi sagt hæ þegar hann hafi komið inn í herbergið. Ekki sé rétt lýsing brotþola að hún hafi vaknað við að hann hafi haft fingur í leggöngum hennar. Hann hafi kannski verið 2 mínútur í herberginu, en það hafi í öllu falli verið mjög stutt. Þau hafi ekki talast við. Hún hafi ekki látið í ljós að henni líkaði snertingin eða væri samþykkt henni. Ekki hafi brotþoli slegið frá sér eða gefið olnbogaskot. Kvaðst ekki hafa orðið var við [...] í herberginu. Taldi ákærði að brotþoli hafi legið á hliðinni þegar hann hafi komið inn í herbergið. Andlit hennar hafi þá snúið frá ákærða og eins þegar hún hafi sagt hæ. Ekki kvaðst ákærði geta útilokað að brotþoli hafi verið sofandi og verið að dreyma þegar hún hafi sagt hæ. Aðspurður kvaðst ákærði hafa gengið hljóðlega um, en það hafi ekki verið þannig að hann væri að læðast að henni sofandi. Ákærði hafi ekki verið mjög ölvaður þarna og ekki drukkið mikið í samkvæminu. Kannski eitt eða tvö staup af líkjör, en hann hafi fundið örlítið til áfengisáhrifa, en hann hafi haft skýra sýn á athafnir sínar. Ekki kannaðist ákærði við að hafa sett handlegg utan um brotþola þarna. Hann hafi verið í lopapeysu. Strokan á utanvert lærið hafi verið með annarri hendinni. Snertingin hafi verið rétt bara sekúnda. Kvaðst alveg viss um að hafa ekki sett fingur í kynfæri hennar. Kvaðst ekki kannast við að brotþola hafi verið brugðið eða hún slegið frá sér.

Eftir að hafa staðið á fætur hafi hann farið út úr herberginu og beint út úr húsinu og heim til sín. Engan hafi hann hitt í húsinu eða utan þess. Klukkan hafi þarna verið eitthvað upp úr 02:00 eða 03:00 kannski. Hann hafi heyrt í L syni C í síma eftir að hafa farið út úr húsinu þegar hann hafi verið á heimleiðinni. Hafi ákærði hringt í L en þeir þekktist. Kvaðst ekki muna hvers vegna hann hafi hringt í L, en þeir séu vinir og ekki sé óeðlilegt að þeir hafi rætt saman að næturlagi. Mögulega hafi hann viljað ræða það sem hafi gerst í herberginu, en aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa upplifað að hann hafi gert eitthvað rangt, en sér hafi verið ljóst að þetta hafi verið misskilningur. Ekki kvaðst ákærði muna hvað hafi farið þeim á milli í símtalinu. Hvorki hafi komið fram hjá L að hann hafi talað við brotþola né að hún væri ósátt við þetta. Hélt að L hafi verið í bíl á leið heim [...]. Eftir að tala við L hafi ákærði farið heim en það sé [...]. Þangað hafi hann verið kominn milli kl. 02:30 og 03:00 og farið að sofa. Engin samskipti hafi hann haft við

brotapola um morguninn eða síðar á sunnudeginum eða dagana þar á eftir.

Nánar aðspurður um strokuna kvað ákærði að með henni hafi ekki verið neinn kynferðislegur tilgangur. Hann hafi lagt hönd á læri brotapolu rétt eins og þegar lögð er hönd á öxl annars manns. Hann hafi setið á rúminu nálægt fótum brotapolu. Strokan hafi ekki verið fram og til baka, heldur aðeins ein stroka í eina átt.

Aðspurður vegna lögregluskýrslu sinnar kvaðst ákærði þá hafa verið í sjokki og framburður hans þá sé ekki jafn áreiðanlegur og fyrir dómi við aðalmeðferð. Hann muni þetta betur nú.

Aðspurður kvað ákærði að herbergishurðin hafi verið hölluð aftur þegar hann kom þangað. Taldi að brotapolu hafi verið undir sæng en ekki að öllu leyti og hann hafi ekki farið með hönd undir sængina. Þegar brotapolu hafi sagt hæ þá hafi hann verið í dyrunum að ganga inn. Ekki hafi hann vitað að brotapolu væri í sambandi við karlmann og hafi haldið svo ekki vera, en hann hafi ekki þekkt til hennar persónulegu haga. Hann hafi aldrei séð framan í brotapolu þegar hann hafi verið í herberginu. Aðspurður um hvar á lærinu snertingin hafi verið kvaðst ákærði telja að þetta hafi verið neðarlega á lærinu ofan hnés, mögulega 10-15 sentimetrum fyrir ofan hnéd. Aðspurður kvaðst ákærði hafa langað til að kynnast brotapolu sem vini. Hann hafi líka haft áhuga á henni sem konu. Hann hafi ekki spáð sérstaklega í hvort hún vildi kynnast honum á kynferðislegum nótum eða á annan hátt. Fyrir honum hafi ekki sérstaklega vakað að eiga við hana einhvers konar kynferðisleg samskipti þarna. Snertingin hafi t.a.m. ekki verið byggð á neinum kynferðislegum hugsunum. Kvaðst ekki hafa lagt neina kynferðislega merkingu í það þegar brotapolu hafi sagt árinu áður að hún gæti kennt honum ýmislegt. Hann hafi ekki haft langanir til að kynnast henni á kynferðislegan hátt, en brotapolu sé myndarleg kona.

Ákærði lýsti því að rannsókn málsins og meðferð þess hafi fengið þungt á hann, t.a.m. félagslega. Hann hafi haldið sig til hlés og lokað sig af. Honum hafi liðið illa á B eftir að þetta hafi komið upp og flust þaðan og sagt upp vinnu sinni.

Vitnið A brotapolu kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og lýsti því að hafa komið til C á B á laugardeginum, ásamt syni sínum. Um kvöldmatarleytið hafi verið ákveðið að fara út að borða á B. Vínafólk C, K og J, hafi komið með. I hafi skutlað þeim á B og þangað hafi hún verið komin sennilega um kl. 20:00. [...] hafi ekki viljað koma með og hafi því orðið eftir ásamt [...]. [...] hafi beðið brotapolu um að vera fljót. Á B hafi verið borðað og hún hafi verið þar kannski um einn og hálfan tíma. Svo hafi brotapolu farið heim um kl. 22:00. Hún hafi sest niður um klukkustund og farið svo að sofa um kl. 23:00. Svo hafi hún vaknað um kl. 02:30 um nóttina við það að ákærði hafi legið alveg ofan á henni hægra megin og [...] hafi

verið alveg vinstra megin við hana. Hún hafi vaknað við að ákærði hafi verið með tvo fingur í leggöngum hennar, „alveg á fullu.“ [...] hafi verið hinu megin við hana. Hún hafi litið framan í hann og líka séð að þetta væri ákærði á því að hann hafi verið í sömu lopapeysu og fyrr um kvöldið. Hún hafi fyrst stirðnað og svo slegið hann frá sér með olnbognum. Svo hafi hún hlaupið upp. Þá hafi hún tekið eftir því að bjórdósir hafi verið á borðinu þar og áttað sig þá á að þar hafi verið party. Svo hafi [...] komið heim upp úr kl. 02:30 og hún hafi beðið [...] um að fara niður og gá hvort ákærði væri farinn. Hafi [...] komið upp og sagt henni að svo væri. Þá hafi hún farið aftur niður og fyrst ætlað að fara heim, en ákveðið að bíða með það og fara bara heim um morguninn.

Nánar aðspurð lýsti brotaþoli því að hafa verið í íbúð á neðri hæð hússins að [...], sem sé á tveimur hæðum. [...], hafi verið með henni í herbergi þar niðri.

Aðspurð kvaðst brotaþoli hafa drukkið eitt rauðvínsglas áður en hún hafi farið á B. Þau hafi setið öll saman, brotaþoli og C, D, K og L. Ákærði hafi ekki setið til borðs með þeim. Þarna hafi hún drukkið eitt glas af áfengi. Hún hafi ekki verið í sérstökum samskiptum við ákærða þarna, en mögulega hafi þau skipst á nokkrum orðum. Hún hafi einu sinni áður hitt hann. Það hafi ekki verið neitt sérstakt og kvaðst ekki muna hvort hún hafi þá talað við hann. Aldrei hafi hún gefið honum til kynna að hún hefði einhvern áhuga á honum. Ekki kannaðist brotaþoli við að hafa haft á orði við ákærða að hún gæti kennt honum ýmislegt. Ekkert hafi verið á milli þeirra s.s. augnagotur eða slíkt, a.m.k. ekki af hennar hálfu. Mögulega hafi hún sagt við hann einhver orð. Kannaðist ekki við að hafa gefið honum auga á B eins og hún væri að reyna við hann eða þess háttar, enda hafi hún átt kærasta á þessum tíma. Ekkert hafi verið kynferðislegt á milli þeirra áður og hún aðeins þekkt hann lauslega. Þau hafi ekki átt nein samskipti á samfélagsmiðlum heldur. Aðspurð taldi brotaþoli að hún hafi verið á B um tvær klukkustundir. Hún hafi farið snemma heim vegna þess að [...] hafi beðið hana um að vera ekki lengi. Í hafi ekið henni heim. Þau hafi aðeins verið tvö í þeirri bílferð og þá hafi klukkan verið á að giska 22:00. Aðspurð hvort hún hafi boðið fólki í party á [...] kvað brotaþoli að vel geti verið að hún hafi sagt að þau myndu fara þangað um kl. 22:00 til að sitja og spjalla. Kvaðst ekki geta forttekið þetta og ekki muna hvort hún hafi sagt slíkt við ákærða og félag hans. Þegar hún hafi komið aftur á [...] þá hafi [...] verið þar ásamt [...]. Þau [...] hafi svo farið niður að sofa um kl. 23:00. Ekki hafi hún orðið þess vör að annað fólk kæmi þar heim, ekki fyrr en hún hafi vaknað um nóttina og farið upp, en þá hafi hún gert sér grein fyrir að þar hafi verið party, eftir að ákærði hafi verið farinn úr herberginu. Hún og [...] hafi lagst til svefns í sama rúmi undir sömu sæng. Aðspurð hvort hún hafi verið í fötum kvaðst brotaþoli einungis hafa verið í nærbuxum. Kvaðst ekki vita hvort [...] hafi orðið var við ákærða. Hún hafi sofnað

fljótlega eftir að hafa lagst til hvílu, sem og [...]. Loftljós hafi verið slökkt, en opið fram og ljós á ganginum.

Nánar aðspurð um hvenær hún hafi fyrst orðið vör við ákærða svaraði brotaþoli því til að hún hafi vaknað við hann eins og hún hafi áður lýst, þegar hann hafi haft fingur í leggöngum hennar. Neitaði því að hafa sagt við ákærða hæ eða eitthvað slíkt á undan þessu. Hún hafi ekki orðið vör við það þegar hann hafi komið inn í herbergið. Kvaðst brotaþoli ekki minnst þess að ákærði hafi snert læri hennar. Hún hafi fljótt kýlt ákærða af sér þegar hún hafi áttað sig á hvað væri að gerast. Henni hafi verið mjög brugðið. Ákærði hafi svona legið á hlið. Hún hafi fundið fyrir fötum hans, nánar tiltekið lopapeysunni. Kvaðst brotaþoli hafi legið á bakinu og [...] verið vinstra megin við hana, en ákærði hafi komið hægra megin við hana. Ákærði hafi séð framan í hana. Kvaðst oft sofa á bakinu og hafi vaknað þannig umrætt sinn. Ekki hafi orðið nein orðaskipti þarna milli hennar og ákærða. Hún hafi kýlt ákærða frá sér með olnboganum og svo hafi hún ekki vitað meira, en sennilega hafi hann þá strax hlaupið út. Hún hafi strax farið fram úr rúminu og hlaupið upp. Kvaðst ekki muna hvort hún hafi klætt sig í bol áður en hún hafi farið upp á efri hæðina. Þegar hún hafi komið þangað hafi hún stoppað til að átta sig á aðstæðum og verið ráðvillt. Á að giska 15 mínútum seinna hafi [...] komið. Hún hafi beðið hann að fara niður og athuga hvort ákærði væri þar. Hafi [...] gert það, en ekki mundi brotaþoli hvort hún hafi sagt [...] frá því hvað hefði gerst. Hafi [...] komið aftur að vörmu spori og sagt að enginn væri niðri. Þá hafi hún farið niður með [...] og svo hafi [...] vaknað. Ekki gat brotaþoli sagt til um það hvort L [...] hafi merkt að hún væri í geðshræringu eða hvað hafi farið þeim á milli frekar. Hún hafi svo lagst aftur upp í rúm og ekið heim á leið fyrir kl. 08:00 að morgni. C hafi hringt þá og spurt hví hún væri farin og hafi brotaþoli þá sagt henni hvað hafi gerst. D hafi hringt í hana eftir hádegið þann dag og sagt henni að ákærði hafi mikið verið að spyrja um hana í partýinu og verið að reyna að komast niður og gert tilraun til þess. Hafi komið fram að þeir hafi rifist vegna þess og D bannað ákærða að fara niður til hennar. Ekki minntist brotaþoli þess að fram hafi komið að ákærði hafi beðið C brotaþola að hringja í brotaþola. Brotaþoli lýsti því að hafa hringt í M vin sinn um nóttina en hann ekki svarað. Svo hafi hún talað við hann á leiðinni í bæinn. Hún hafi sagt honum hvað hafi gerst. Aðspurð kvaðst brotaþoli ekki hafa verið undir áhrifum áfengis og ekki fundið fyrir slíku þegar hún hafi vaknað við ákærða. Brotaþoli kvað tímann frá þessu hafa verið mjög erfiðan og hún hafi hugsað um þetta á hverjum degi. Sér þyki hvað verst að [...] hafi verið viðstaddur þetta. Sé farin að þurfa að taka kvíðalyf, henni þykir snerting óþægileg og hún hafi fengið sveppasýkingu í kjölfar þessa. Þá hafi hún gengið til sálfræðings. Hún hafi átt erfitt með að tala um þetta. Hún hafi ekki farið á B í eitt og hálf ár eftir þetta.

Nánar aðspurð kvaðst brotaþoli ekki minnst þess að hafa drukkið meira á veitingastaðnum en eitt eða mögulega tvö rauðvínsglös. Mögulega hafi hún fengið sér nokkra sopa af rauðvíni eftir að hafa komið aftur á [...] áður en hún hafi farið að sofa um kl. 23:00. Hún hafi ekki fundið fyrir áfengisáhrifum. Hún hafi auk þess tekið ofnæmislyf en það hafi engin áhrif á hana. Þetta hafi verið Lóritín og valdi það engum áhrifum. Hún hafi ekki tekið neinn þátt í samkvæmi á [...] eftir að hafa komið þangað af veitingastaðnum og fyrst orðið vör við það eftir að hafa komið upp þegar ákærði hafi verið farinn um nóttina. Aðspurð kvaðst brotaþoli hafi verið í nærbuxum og ber að ofan. Nánar aðspurð kvaðst brotaþoli hafa sofið á bakinu og verið þannig þegar hún hafi vaknað við ákærða. Hann hafi legið hálfur ofan á henni með hægri hendi í leggöngum hennar og [...] hafi verið vinstra megin við hana. Hún hafi legið alveg flöt á bakinu. Hún hafi slegið hann frá sér með olnboganum. Hún hafi ekki þurft sérstaklega að losa fyrst um handlegginn. Ekki hafi hún orðið vör við að ákærði hafi verið að gera eitthvað annað en að eiga við hana, s.s. að eiga við sjálfan sig. Kannaðist ekki við að ákærði hafi strokið henni um læri.

Brotaþoli kvaðst hafa fengið sveppasýkingu í leggöng eftir þetta og látið lögreglu vita um það. Ekki hafi hún farið til læknis heldur fengið sjálf lyf í apóteki við þessu. Lögregla hafi ekki óskað eftir neinum upplýsingum um þetta, hvorki sýni né öðru. Ekki minntist brotaþoli þess að lögregla hafi óskað eftir að fá upplýsingar um símanotkun hennar, eða óskað eftir að skoða síma hennar.

Aðspurð um þann framburð brotaþola hjá lögreglu um að hún hafi legið á vinstri hlið og vinstri hönd og ákærði hafi legið fyrir aftan hana kvaðst brotaþoli ekki geta útskýrt hann. Hún hafi kannski verið á bakinu en hallað til vinstri hliðar.

Nánar aðspurð vegna framburðar síns hjá lögreglu kvað brotaþoli mögulegt að hún hafi drukkið tvö rauðvínsglös áður en hún fór á veitingastaðinn. Þá sé rétt að hún hafi drukkið Irish Coffee á veitingastaðnum.

Vegna framburðar brotaþola um töku ofnæmislyfs kvaðst brotaþoli ekki geta skýrt mun á framburði sínum hjá lögreglu og fyrir dómi. Kvaðst halda að hún hafi ekki tekið Telfast þar sem hún hafi ekki átt það til, en það sé lyfseðilsskylt. Ofnæmislyf hafi ekki haft áhrif á svefn hennar þarna.

Aðspurð þverneitaði brotaþoli því að hafa tekið þátt í samkvæmi á [...] eftir að hafa komið af veitingastaðnum. Kvaðst ekki hafa skýringu á því hvers vegna um annað hafi verið borið.

Nánar aðspurð kvaðst brotaþoli muna þetta þannig að ákærði hafi haft tvo fingur í leggöngum hennar og verið að hreyfa þá inn og út „alveg á fullu“.

Vitnið N rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og lýsti því að við rannsóknina hafi komið fram að [...] brotaþola hafi sofið við hlið hennar og ekki hafi verið talin ástæða til að ræða við hann, þar sem hann hafi ekki

orðið var við neitt. Þetta hafi komið fram hjá brotaþola. Ekki hafi heldur verið könnuð símasamskipti brotaþola umrædda nótt. Vitnið hafi haft málið til rannsóknar um 5 mánaða skeið. Vitnið gat ekki skýrt hvers vegna ekki hafi verið teknar skýrslur fyrr en í júlíbyrjun þó að kæruskýrsla hafi legið fyrir í marsbyrjun. Ekki hafi verið talin ástæða til að kanna frekar, eða afla gagna vegna framburðar brotaþola um að hafa fengið sveppasýkingu.

Vitnið C, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það að brotaþoli hafi komið til hennar fyrr um daginn. Þau hafi svo farið út og hitt vinafólk sitt og farið á B að borða. Þar hafi verið fleira fólk, þ. á m. ákærði. Brotaþoli hafi farið heim á undan þar sem [...] hafi ekki verið sátur. Svo hafi þau [...] farið seinna heim og K og J vinafólk þeirra með. Hafi ákærði komið líka. Þau hafi verið að fá sér áfengi og spjalla. Svo hafi K, J og ákærði kvatt og farið heim á leið. Kvaðst ekki muna hverjir hafi setið saman til borðs á B. Kvaðst minna að ákærði hafi setið til borðs með þeim, við langborð. Ákærði sé kunningi þeirra [...]. Kvaðst halda að ákærði og brotaþoli hafi talast eitthvað við á veitingastaðnum, en það hafi ekki verið neitt sérstakt. Ekki hafi vitnið vitað um nein tengsl milli ákærða og brotaþola. Ekki kvaðst vitnið muna hvenær hafi verið farið af veitingastaðnum, en það hafi verið fyrir miðnætti. Vitnið gat ekki svarað hver hafi boðið fólkinu heim til vitnisins. Þegar þau hafi komið heim hafi brotaþoli verið niðri sofandi. Kvaðst ekki muna hvort brotaþoli hafi verið á fótum þegar samkvæmið hafi verið, eða þátttakandi í því. Vitnið hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölvuð. Ákærði hafi mikið verið að tala um brotaþola og viljað fara niður til hennar. Vitnið hafi skilið það þannig að ákærði hefði kynferðislegan áhuga á brotaþola. [...] vitnisins, D, hafi gert athugasemdir við þetta. Hún hafi ekki tekið eftir að D hafi tekið í ákærða eða kýlt hann, en það hafi verið talað um það daginn eftir og það hafi verið vegna þess að ákærði hafi ætlað að fara niður til brotaþola. Ekki gat vitnið borið um hvenær samkvæminu hafi lokið. Hún hafi fylgt ákærða til dyra, ásamt K og J. Kvaðst ekki muna hvert hafi verið ölvunarástand ákærða þegar hann hafi farið. Þegar fólkið hafi verið farið hafi hún og [...] farið að sofa. Næst hafi vitnið haft samskipti við brotaþola um kl. 08:00 um morguninn þegar hún hafi verið að skella hurðum og fara. Hafi vitnið hringt í hana og brotaþoli sagt að hún vildi bara drífa sig heim. Ástæða þess hafi ekki komið fram þá. Vitninu hafi þótt þetta skrítið og fundist eins og henni liði illa. Þetta hafi skýrst seinna, mögulega 2-3 dögum síðar, en þá hafi brotaþoli sagt vitninu hvað hafi gerst. Brotaþoli hafi verið í áfalli. Brotaþoli hafi lýst því að hafa vaknað við að ákærði væri kominn upp í rúm að káfa á henni og verið með hendurnar í leggöngum hennar og á brjóstum og verið á fullu. Líðan brotaþola hafi verið slæm eftir þetta, t.a.m. hafi liðið langur tími uns hún hafi næst heimsótt vitnið. Nánar aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvort

brotapoli hafi talað um að ákærði hafi káfað á brjóstum hennar.

Vitnið D, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og lýsti því að þau hafi verið í gleðskap á B. Svo hafi verið farið heim til þeirra og þar hafi þau verið í stofu, en brotapoli hafi farið heim að sofa á undan þeim. Ákærði hafi setið í sófa við hlið vitnisins og verið mjög áhugasamur um brotapola, en hann hafi hitt hana á B fyrr um kvöldið. Vitninu hafi fundist ákærði full áhugasamur um brotapola og sagt honum að hann væri alfarið á móti því að ákærði væri að trufla hana þar sem hún væri sofandi með [...] niðri. Þetta hafi svo leyst upp um nóttina og hver farið til síns heima og þau [...] farið að sofa. Brotapoli hafi svo verið farin þegar þau hafi vaknað. Kvaðst halda að þau hafi farið á veitingastaðinn milli kl. 22 og 23, en þaðan milli 24 og 01, en kvaðst ekki muna það vel. Þau hafi verið við langborð á veitingastaðnum, en ekki myndi vitnið hver hafi setið hjá hverjum. Ákærði hafi verið þarna og líklega verið eitthvað til borðs með þeim. Ekki hafi vitnið orðið var við samskipti milli ákærða og brotapola þarna. Sér hafi fundist eins og brotapoli hafi viljað hafa samkvæmi heima, en svo hafi hún farið heim á undan að sofa. Ekki mundi vitnið hvort einhver hafi verið á fótum þegar vitnið hafi komið heim. Kvaðst ekki muna hvort brotapoli hafi verið á fótum. Ákærði hafi komið heim með þeim. Ákærði hafi viljað fara niður til brotapola en vitnið hafi harðbannað það. Sér hafi ekki fundist ákærði hlusta mikið á það. Kvaðst ekki vera viss um hvort hafi komið til handalögmála milli þeirra vegna þessa. Kvaðst ráma óljóst í að hafa slegið ákærða í tengslum við þetta. Ákærði hafi svo farið með J og K og hafi vitnið sennilega fylgt þeim til dyra. Þá hafi brotapoli bara verið niðri. Vitninu fannst að brotapoli hafi komið aðeins upp í samkvæmið meðan það hafi staðið. Það hafi þá verið mjög stuttan tíma, en kvaðst ekki vera viss um þetta. Vitnið kvaðst hafa farið að sofa fljótlega eftir að gestirnir hafi verið farnir. Vitnið hafi ekki orðið var við umgang í húsinu. Vitnið hafi ekki haft á tilfinningunni að ákærði myndi koma aftur í húsið og þetta hafi ekki verið rætt þegar ákærði hafi verið að tygja sig á brott. Kvaðst ekki muna hvort vitnið hafi átt samskipti til brotapola daginn sem hún fór eða dagana þar á eftir. [...] vitnisins hafi svo sagt vitninu frá ætluðu kynferðisbroti. Vitnið hafi fundið að brotapoli hafi ekki viljað koma í heimsókn eftir þetta. Vitninu hafi fundist ákærði mjög áhugasamur um brotapola, en gat ekki fullyrt hvort ákærði hafi viljað fara niður til hennar í kynferðislegum tilgangi.

Vitnið K kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að þau hafi verið á B að borða og drekka með C og D. Svo hafi þau farið heim til þeirra í smá partý. Þar hafi verið setið og spjallað og svo hafi þau rölt heim um nóttina og hafi ákærði gengið með þeim áleiðis. Á veitingastaðnum hafi setið saman vitnið og maður hennar, C og D ásamt brotapola. Það hafi verið sett saman langborð og ákærði hafi setið við það ásamt þeim. Ekki hafi vitnið orðið var við samskipti milli

ákærða og brotþola. Brotþoli hafi farið heim á undan hinum. Brotþoli hafi neytt áfengis en ekki verið áberandi ölvuð. I hafi ekið brotþola heim og sennilega hafi hann ekið fleirum. Vitnið kvaðst minna að brotþoli hafi verið eða komið eitthvað aðeins upp í samkvæmið. Ákærði hafi verið áhugasamur um brotþola og það hafi verið augljóst öllum sem þarna hafi verið. Vitnið hafi ekki séð handalögmál, en heyrt af því að D hafi slegið ákærða. Þau hafi öll verið undir áhrifum áfengis. Samkvæminu hafi lokið á að giska um kl. 02:30 og þá hafi þau farið fótgangandi hún og maður hennar ásamt ákærða. Ákærði hafi ekki haft á orði að hann ætlaði til baka og vitnið ekki vitað um neitt slíkt. Vitnið hafi ekki haft samskipti við brotþola daginn eða næstu daga á eftir.

Vitnið I kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa ekið þessu fólki frá B og heim umrætt kvöld. Fyrst hafi hann ekið með brotþola, en hitt fólkið kannski klukkustundu seinna. Hann hafi komið inn í kaffi hjá C og D umrætt sinn í smástund. Allt þetta fólk hafi verið undir áhrifum áfengis. Vitnið hafi drukkið einn kaffibolla þarna og farið svo. Þegar hann vitnið hafi drukkið kaffibollann þá hafi verið þar allt þetta fólk, þ. á m. brotþoli. Þetta hafi verið á efri hæðinni. Allir hafi verið uppi. Þau hafi verið uppi á sama tíma, bæði ákærði og brotþoli.

Vitnið J kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að muna lítið frá þessu kvöldið sakir ölvunar. Þau hafi verið á B og farið svo til [...]. Kvaðst muna þegar þau hafi farið heim á leið hann og konan hans, en ákærði hafi gengið með þeim áleiðis. Kvaðst illa muna það sem hafi gerst á [...]. Kvaðst ekki muna eftir sérstökum samskiptum ákærða og brotþola. Kvaðst ekki geta sagt til um hvort brotþoli hafi verið þátttakandi í samkvæminu eða verið uppi þegar vitnið hafi komið á [...]. Kvaðst muna að ákærði hafi lýst áhuga á brotþola.

Vitnið F, vinur ákærða, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa verið á B ásamt ákærða þetta kvöld. Þar hafi verið fleira fólk. Kvaðst vita hver brotþoli sé og hún hafi verið þarna líka, en kvaðst hvorki muna eftir sérstökum samskiptum milli sín og hennar né ákærða og hennar. Vitnið hafi ekki orðið var við áhuga ákærða á brotþola eða öfugt. Vitnið hafi ekki farið í samkvæmi á [...]. Vitnið og ákærði hafi báðir verið undir áhrifum áfengis. Ekki hafi vitnið orðið var við neitt óeðlilegt í fari ákærða daginn eftir. Vitnið kvaðst ekki muna hver hafi boðið í partý á [...], mögulega eða líklega hafi brotþoli gert það.

Vitnið L, [...] brotþola, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og lýsti því að hafa komið heim til sín á [...] umrædda nótt, á að giska kl. 03:00 eða seinna og farið upp. Þar hafi brotþoli verið og verið að reykja og verið í einhverju ástandi eins og hún væri hrædd. Hafi vitnið talað við brotþola og hún hafi spurt hvort „hann“ væri farinn og beðið sig að fara niður að gá að því. Hafi vitnið gert það og enginn hafi verið niðri nema [...] og hann hafi verið sofandi. Hafi vitnið farið upp og sagt

brotapola það. Hún hafi beðið sig að athuga betur og spurt hvort hann væri viss. Hann hafi athugað þetta betur. Ekki mundi vitnið hvort hafi komið fram hverjum hann væri að gá að, en hann hafi skynjað að það væri ákærði. Svo hafi þau talað saman, en ekki um þetta atvik. Svo hafi þau farið niður og þá hafi [...] komið fram úr rúminu og verið með þeim. Það hafi ekki verið beint talað um hvað hafi gerst, en greinilega hafi eitthvað gengið á eða eitthvað komið fyrir. Enginn annar hafi verið á fótum. Áður um nóttina hafi ákærði haft við sig símasamband þar sem vitnið hafi verið á heimleið frá O og þá staddur á P. Það hafi ekki verið neitt um þetta, en ákærði hafi sagst vera að labba heim með J og K. Hafi ákærði spurt eitthvað um brotapolu hvort hún væri á lausu eða eitthvað þannig. Það hafi ekki náð neitt lengra. Svo hafi þeir talað um eitthvað annað. Vitnið hafi sagt að hann mætti fara heim til hans, enda komi þeir hvor heim til hins, en vitnið hafi ekki vitað hvort hafi verið partý heima hjá vitninu. Þetta hafi verið alveg klukkustundu áður en vitnið hafi komið heim. Vitnið hafi ekki vitað að brotapolu gisti í herbergi vitnisins þegar vitnið hafi talað við ákærða. Ákærði hafi virst hafa áhuga á brotapolu og hafi vitnið sagt að brotapolu væri á lausu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hann hafi átt samskipti við brotapolu á sunnudeginum. Þetta hafi ekki verið rætt á heimilinu daginn eftir. Vitninu fannst brotapolu hafa breyst og komið minna B eftir þetta. Aðspurður kvað vitnið að brotapolu hafi sagt að ákærði hafi káfað á henni, en vitnið hafi ekki viljað vita meira um það, enda þeir góðir vinir og hún [...].

Vitnið E sálfræðingur kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því hafa hitt brotapolu alls 9 sinnum, þar af 8 sinnum eftir ritun vottorðs 16. júlí 2015. Fyrst hafi brotapolu lýst svefnerfiðleikum og minnkaðri matarlyst. Henni hafi fundist vanlíðun hafa verið verst fyrst á eftir. Brotapolu hafi verið fús til að koma í viðtal en ekki nýtt þjónustuna vel. Liðið hafi langt á milli viðtala, en hún hafi verið að forðast að takast á við þetta. Brotapolu hafi borið með sér vanlíðan og verið mjög óörugg. Málið hafi valdið henni streitu. Brotapolu eigi sögu um fyrri áföll og hafi vitnið spurt um þau og metið. Ekki hafi verið á þeim tíma áfallastreitueinkenni vegna þeirra atvika. Hún hafi lýst miklum ótta og hjálparleysi í aðstæðunum, en tekist svo að ýta frá sér. Þetta séu þekkt viðbrögð. Möguleg viðbrögð séu að berjast, flýja eða frjósa. Í kynferðisbrotum séu algengustu viðbrögðin að frjósa. Brotapolu hafi lýst áfallastreitueinkennum og mest áberandi sé forðun, sem hafi birst m.a. í því að koma ekki B í langan tíma á eftir. Brotapolu hafi lýst miklum endurupplifunareinkennum. Enn í dag séu einkenni mjög alvarleg. Síðasta viðtal hafi verið degi fyrir aðalmeðferðina. Áfallastreitueinkenni séu í beinum tengslum við þetta mál. Ólíklegt sé að brotapolu nái bata nema með formlegri meðferð. Brotapolu hafi virkað trúverðug í svörum og framkomu. Ekkert gefi tilefni til að ætla að áfallastreitueinkenni séu vegna annars en þessa áfalls. Að öllum líkindum

myndi stroka á læri ekki geta framkallað þessi viðbrögð. Alvarlegt áfall sé forsenda fyrir áfallastreituröskun. Greiningarvinnan sé gerð að hluta til með sjálfsmatskvörðum sem viðkomandi fylli sjálf út. Brotapoli hafi sagt að hún hafi vaknað við að ákærði hafi legið utan í henni með fingur í kynfærum hennar og [...] hafi verið hinu megin við hana.

Vitnið M, [...] brotapolá, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það að umrædda nótt hafi brotapolá hringt í hann um kl. 02:30 og svo aftur kl. 03:00, en hann hafi verið sofandi og ekki vaknað við símann. Þegar hann hafi vaknað að morgni um 06:30 – 07:00 hafi hann séð tvö „missed calls“ og honum hafi þótt það skrytið þannig að hann hafi hringt í hana og hún hafi þá sagt að ekki væri allt í lagi. Hún hafi þá verið akandi. Hún hafi sagt að það hafi gerst þarna atvik, en hún hafi ekki getað talað um það fyrir framan [...] í bílnum. Svo hafi hún sagt honum þetta seinna um daginn. Hún hafi virst vera í rusli og verið eyðilögð. Brotapolá hafi sagt að hún hafi farið á veitingastað B ásamt C og D og svo hafi þau boðið heim fólki. Þar hafi verið party, en hún hafi verið með gístaðstöðu á neðri hæðinni. Hún hafi farið niður að sofa á undan öðrum. Hún hafi verið þar með [...] sofandi. Svo hafi hún vaknað við að maður væri í rúminu með henni að káfa á kynfærum hennar með putta í leggöngum hennar og sjálfur að fróa sér. Þessu hafi brotapolá sagt sér frá í einu lagi. Líðan hennar hafi verið skelfileg næstu daga á eftir. [...]. Lögregla hafi ekki óskað eftir símagögnum frá honum.

Ákærða er í máli þessu gefið að sök kynferðisbrot með því að hafa farið inn í svefnherbergi þar sem brotapolá lá lofandi og annars vegar strokið læri hennar og hins vegar stungið fingri í leggöng hennar, gegn hennar vilja og notfært sér við þetta að hún var sofandi og gat ekki spornað við verknaðinum, allt eins og nánar greinir í ákærinni.

Óumdeilt er í málinu að brotapolá lá í rúmi í téðu herbergi og jafnframt er óumdeilt að ákærði kom inn í herbergið og að þau áttu þar einhver samskipti. Nánar um hver þau samskipti voru eru ekki til frásagnar aðrir en ákærði og brotapolá. Ákærði bar um það hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi sest á rúmstokkinn hjá brotapolá og strokið hana eitthvað, en fyrir dómi kvaðst ákærði aðeins hafa strokið læri hennar örstutta stund, en hjá lögreglu kvaðst hann ekki muna hvort hann hafi jafnframt komið við kynfæri brotapolá. Að mati dómsins er misræmi í framburði ákærða um það fyrir dómi að brotapolá hafi sagt hæ þegar hann hafi komið inn í herbergið, en samt hafi hann snert læri hennar til að gera vart við sig eftir að hann var sestur á rúmstokkinn. Þá þykja ekki mjög trúverðugar skýringar ákærða, en hann hefur neitað því að þetta hafi verið í kynferðislegum tilgangi, en fyrir liggja framburðir um að ákærði hafi haft áhuga á brotapolá og verður að leggja til grundvallar að hann hafi girnst hana miðað við það að fara inn í svefnherbergi þar

sem hún lá klæðlítill og snerta á henni læri. Brotapoli hefur á hinn bóginn lýst því að hafa vaknað við að ákærði hafi legið í rúminu og haft fingur í leggöngum hennar, en aðeins hefur verið á reiki hvort um hafi verið að ræða einn fingur eða tvo. Framburður brotþola um það hvernig þetta hafi verið hefur ekki verið stöðugur að öllu leyti. Hjá lögreglu bar brotþoli að hún hafi legið á vinstri hendinni á vinstri hliðinni og hafi ákærði legið þétt upp við hana aftanverða með hægri hönd yfir hana og fingur í leggöngum. Hún hafi svo gefið honum olnbogaskot. Fyrir dómi lýsti brotþoli því hins vegar að hún hafi legið á baki og ákærði alveg ofan á henni hægra megin. Hún hafi svo slegið hann með olnboganum. Nánar aðspurð lýsti brotþoli því að ákærði hafi legið hálfur ofan á henni og svo að hún hafi kannski hallað yfir til vinstri. Hjá lögreglu lýsti brotþoli því að hún hafi áður tekið ofnæmislyfið Telfast en af því verði hún mjög þreytt og sofi fastar, en fyrir dómi bar brotþoli um að hún hafi á þessum tíma ekki átt téð ofnæmislyf en aðeins tekið ofnæmislyfið Lóritín sem hafi engin áhrif á svefn hjá henni. Brotþoli hefur staðfastlega borið að þegar hún kom á [...] eftir að hafa verið á B, þá hafi enginn verið þar á fótum annar en [...] og hún hafi farið að sofa áður en aðrir komu og hún hafi engan þátt tekið í því samkvæmi sem þar fór fram og ekki orðið þess vör fyrir en um miðja nótt eftir að því lauk. Þetta er í ósamræmi við framburð vitnisins I sem fullyrti fyrir dómi að brotþoli hafi verið í samkvæminu og verið þar á sama tíma og ákærði, en önnur vitni minnti að brotþoli hafi verið í samkvæminu að einhverju leyti.

Ekki liggja fyrir nein læknisfræðileg gögn sem gætu rennt stoðum undir framburð brotþola, en að mati dómsins hefði verið ástæða til að hún gengist undir réttarlæknisfræðilega skoðun m.a. vegna framburðar hennar um að hún hafi fengið sveppasýkingu eftir aðfarir ákærða, en jafnframt má ekki útiloka að slík lækni-skoðun hefði getað leitt í ljós einhver ummerki um þær aðfarir ákærða sem hún lýsti hjá lögreglu.

Þrátt fyrir framburð vitnisins L, sem lýsti því að brotþoli hafi verið eins og í einhverju ástandi eða verið hrædd, sem og framburð vitnisins E sálfræðings, sem lýsti einkennum áfallastreituröskunar hjá brotþola, þykir vera of mikill vafi uppi í málinu um atburði umræddrar nætur til að telja megi hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi að stinga fingri í leggöng brotþola gegn vilja hennar með því að notfæra sér sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum þar sem hún var sofandi. Verður ákærði sýknaður af téðri háttsemi.

Að virtum framburði ákærða, bæði hjá lögreglu sem og einkum þó fyrir dómi, er hins vegar hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði fór inn í herbergið þar sem brotþoli lá klæðlítill og strauk um læri hennar. Ákærði hefur borið að þetta hafi verið vinarþel og að hann hafi með þessu viljað gera vart við sig. Þessum

framburði ákærða er hafnað eins og að framan greinir og verður lagt til grundvallar að háttsemi ákærða hafi verið af kynferðislegum toga. Breytir hér engu að brotaþoli hafi ekki lýst stroku á læri, enda hefur komið fram hjá henni að hún hafi verið sofandi. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar, en sakaferill hans hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans nú. Ber að líta til þess að ákærði fór inn í herbergi til sofandi og klæðlítillar konu sem lá þar í rúmi með ungum syni sínum og átti sér ekki ills von. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði en fresta ber fullnustu hennar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í þeirri háttsemi sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir felst að mati dómsins augljós ólögmæt meingerð gegn persónu brotaþola og ber að gera ákærða að greiða henni miskabætur vegna þess, sbr. b lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. jafnframt 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Með hliðsjón af atvikum þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 200.000 og skulu bera vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt framansögðu er ákærði aðeins sakfelldur fyrir minnihluta þess sem honum er gefið að sök, en sýknaður af megin hluta fram borinna sakargifta. Samkvæmt 216. og 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þykir rétt að ákærði greiði einn sjötta hluta sakarkostnaðar, en fimm sjöttu hlutar falli á ríkissjóð. Eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Bjarna Kristjánssonar hdl., alls ákveðin kr. 748.340 að virðisaukaskatti meðtöldum, en af því greiði ákærði kr. 124.723, auk eins sjötta hluta ferðakostnaðar verjandans, kr. 4.180, en alls er ferðakostnaðurinn kr. 25.080. Þá greiði ákærði einn sjötta hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., sem alls er ákveðin kr. 425.320, en af því greiði ákærði þannig kr. 70.886, ásamt einum sjötta hluta ferðakostnaðar réttargæslumannsins kr. 4.033, en alls er ferðakostnaðurinn kr. 24.200. Þá greiði ákærði einn sjötta hluta annars sakarkostnaðar, sem alls nemur kr. 48.000, en af því greiði ákærði þannig kr. 8.000.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómendunum Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og Ragnheiði Thorlacius héraðsdómara.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Hlynur Eyjólfsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A kr. 200.000 með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. mars 2015 til 20. júlí 2017, en með dráttarvöxtum skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði einn sjötta hluta sakarkostnaðar, kr. 211.822, þar af einn sjötta hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar hdl., en alls eru málsvarnarlaun hans ákveðin kr. 748.340, ásamt einum sjötta hluta ferðakostnaðar verjandans kr. 4.180, en alls er ferðakostnaðurinn kr. 25.080 og einn sjötta hluta þóknunar réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., sem alls er ákveðin kr. 425.320, ásamt einum sjötta hluta ferðakostnaðar réttargæslumannsins, kr. 4.033, en alls er ferðakostnaðurinn kr. 24.200. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda og þóknun skipaðs réttargæslumanns eru að meðtöldum virðisaukaskatti.

Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Sigurður G. Gíslason
Hjörtur O. Aðalsteinsson
Ragnheiður Thorlacius